

## GJALDSKRÁ

### fyrir hreinsun, tæmingu og eftirlit með rotþróum í Norðurþingi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Norðurþings er heimilt að innheimta árlega gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Fyrir hverja fasteign innan marka Norðurþings með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Norðurþings, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 4. gr. samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign. Undanþegnir frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustuaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 3. gr. ofangreindrar samþykktar. Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar-eða notkunarskiptingu á þrónni.

#### 2. gr.

Árlegt gjald fer eftir stærð rotþróa og er eftirfarandi miðað við tveggja ára losun:

0-4.000 lítrar	12.012 kr.
4.001-6.000 lítrar	15.913 kr.
6.000 lítrar og yfir	Innheimt 1.793 kr. fyrir hvern rúmmetra umfram 6.000 lítra

Séu rotþrær losaðar árlega skal innheimt sem hér segir:

0-4.000 lítrar	24.022 kr.
4.001-6.000 lítrar	31.895 kr.
6.000 lítrar og yfir	Innheimt 3.586 kr. fyrir hvern rúmmetra umfram 6.000 lítra

Endurkomugjald (þ.e. ef þró er ekki tilbúin) 50% álag miðað við stærð þróar. Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rótþró sérstaklega, skal greiða samkvæmt reikningi verkataka.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 50 metra. Ef leggja þarf lengri barka en 50 metra þá leggjast við kr. 8.727.

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin á grundvelli samþykktar um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Norðurþings og staðfest á fundi hennar þann 16. apríl 2019 til að öðlast þegar gildi.

*Norðurþingi, 5. júlí 2019.*

**Kristján Þór Magnússon** sveitarstjóri.